

Hafnarfjarðarbær
Innk: 19/2 2016
Dátnr: 1006282
Útfal: 470



Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarráð
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Reykjavík, 15. febrúar 2016

Efni: Mótmæli við áformum um staðsetningu hundagerðis á Hörðuvöllum

Til ADVEL lögmannna hafa leitað Sigríður Guðmundsdóttir og Magnús Ingi Einarsson, eigendur Tjarnarbrautar 25 í Hafnarfirði og beiðst þess að undirritaður komi á framfæri eftirfarandi mótmælum skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarbæjar vegna áforma um hundagerði á útivistarsvæðinu á Hörðuvöllum

Þriðjudaginn 9. febrúar 2016 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarbæjar, að komið verði upp hundagerði á túni framan við leikskólann að Hörðuvöllum og ofan við gangstíg sem liggur meðfram læknum. Í fundargerðinni segir að um sé að ræða tilraunaverkefni til eins árs. Af uppdrætti Berglindar Guðmundsdóttur landslagsarkitekts má ráða að svæðið verði um 600 m² að stærð, afmarkað með sambærilegri girðingu og er um leikskólann og að undirlag verði malarborið.

Af fundargerð ráðsins má ráða að ekki hafi verið fjallað sérstaklega um hugsanleg neikvæð áhrif hundagerðisins á heildaryfirbragð svæðisins, grenndarhagsmuni íbúa við Tjarnarbraut, starfsmenn og nemendur í Lækjarskóla og leikskólanum Hörðuvöllum, og fuglalíf í Hamarskotslæk. Þá liggur jafnframt fyrir að hvorki umbj. mínum né öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta vegna áformanna var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum eða athugasemdum vegna þeirra.

Í greinargerð með nógildandi deiliskipulagi svæðisins segir m.a., að Hörðuvallasvæðið sé ásamt Hamarskotslæknum afar dýrmætt svæði í hjarta bæjarins, sem einkennist af sérstæðu samspili hrauns, lækjar, grás- og votlendis, og eigi sér sterka menningarsögulega hefð sem íþrótt- og útivistarsvæði Hafnarfirðinga. Í grein 3.7 er fjallað um útivist, gönguleiðir og minjar á skipulagssvæðinu. Er sérstaklega gert ráð fyrir að á Hörðuvöllum verði útbúin leik- og dvalarsvæði sunnan undir Tjarnarbrautinni en vellirnir verði áfram notaðir fyrir íþrótt- og útivistarnámskeið á sumrin. Í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir að á völlum verði komið fyrir afgirtu hundagerði til lengri eða skemmri tíma.

Samkvæmt eldri skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skyldu skipulagsáætlanir gera grein fyrir opnum svæðum til sérstakra nota og í deiliskipulagi gera sérstaka grein fyrir mannvirkjagerð á svæðunum, efnis- og litavali, gróðri, girðingum o.fl. Ljóst er að núverandi deiliskipulag gerir hvorki ráð fyrir sérstökum girðingum um hundagerði á Hörðuvöllum eða breytingu á jarðvegi svæðisins, sem munu óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðisins verulega og eru jafnframt fallin til þess að hafa neikvæð áhrif á grenndarhagsmuni umbj. minna. Í deiliskipulaginu er sérstaklega gert ráð fyrir því að nýta megi vellina fyrir íþrótt- og útivistarnámskeið á sumrin eins og undanfarna áratugi, en af uppdrætti með tillöggunni er ljóst að verulega yrði dregið úr þeim nýtingarmöguleikum þar sem um 1/3 hluti vallanna yrði afgirtur og ónýtanlegur til annars til hundahalds.



Af framangreindu er ljóst að áform skipulags- og byggingarráðs um uppbyggingu afgirts hundagerðis á Hörðuvöllum fer ekki saman við gildandi skipulagsáætlun svæðisins. Í 5.3.2.3. grein núgildandi skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er gert ráð fyrir því að í deiliskipulagi séu almenningsrými skilgreind og settir skilmálar um landmótun og frágang, gróður, girðingar, efnisval, lýsingu o.fl. Af því leiðir að ekki getur orðið af fyrirhuguðum breytingum á notkun og ásýnd Hörðuvalla nema að undangenginni breytingu á deiliskipulagi svæðisins, að gættum málsmeðferðarreglum skipulagslaga nr. 123/2010.

Að gefnu tilefni skal tekið fram, að 3. gr. samþykktar um hundahald í sveitarfélaginu léttir ekki þeirri skyldu af skipulagsyfirvöldum sveitarfélagsins, að gæta að því að landnýting og framkvæmdir eigi sér fullnægjandi stoð í skipulagsáætlunum. Til samanburðar má nefna þess að áður en gervigrasvelli var komið fyrir við Lækjarskóla var ráðist í breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Með vísan til alls framangreinds er skorað á skipulags- og byggingarráð að afturkalla samþykkt sína um afmörkun hundagerðis á Hörðuvöllum. Er athygli ráðsins jafnframt vakin á því að hundagerði verði betur fyrir komið á öðru opnu svæði innan sveitarfélagsins, fjær íbúðabyggð, viðkvæmu fuglalífi og grunn- og leikskólum bæjarins. Telji ráðið aftur á móti ástæðu til að halda áformunum til streitu þá verði tryggt, að ekki verði ráðist í framkvæmdina nema að undangenginni formlegri breytingu á deiliskipulagi svæðisins, að gættum málsmeðferðarreglum skipulagslaga nr. 123/2010 og stjórnáætlunarlaga nr. 37/1993, þar sem hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með fullnægjandi hætti.

Verði skipulags- og byggingarráð ekki við framangreindri áskorun munu umbj. mínir skjóta samþykkt ráðsins til Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál og krefjast þess að hin fyrirhugaða framkvæmd verði stöðvuð og samþykkt ráðsins felld úr gildi.

Þar sem frestir til að skjóta málinu til úrskurðarnefndarinnar eru skammir er þess vinsamlega beiðst að erindinu verði svarað við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,


Guðmundur Siemsen hdl.
ADVEL LÖGMENN

Afrit:

Bæjarlögmaður Hafnarfjarðarbæjar